

Í ljósi þess að um þessar mundir fer fram vinna við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins þá sjáum við okkur knúin til að senda fyrirspurn sem varðar aðhald í fjármálum og ráðningar í störf innan sveitarfélagsins.

Eins og kom fram í ábendingu Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga frá júlí s.l. er veltufjárhlutfall sveitarfélagsins undir lágmarksviðmiðum nefndarinnar. Gera má ráð fyrir að bókanir í fundargerðum s.s. fræðslunefndar og sveitarstjórnar, orð sveitarstjóra í Áveitunni um aðhald sem og umræðan í hreppnum um aðhaldsaðgerðir megi rekja til þessa erindis. Í þeim aðhaldsaðgerðum sem nefndar hafa verið eru t.d. launakostnaður í leik- og grunnskóla hreppsins, jafnvel svo að fræðslunefnd þótti ástæða til að bóka áhyggjur af skerðingu á faglegu starfi skólanna.

Að þessu sögðu þykir okkur það skjóta skökku við að verið sé að ráða inn húsvörð í Félagslund í stað þess að framlengja samning við verktaka og auka þannig á útgjöld sveitarfélagsins.

Á fundi sveitarstjórnar þann 09.08.2022 bókar sveitarstjórn að ráðast eigi í að samræma verkþætti og setja fram skýra verkefnalýsingu og í framhaldinu að meta starfsmannapörf við húsvörslu í Flóahreppi. Mánuði síðar eða þann 06.09.2022 er að finna bókun í fundargerð sveitarstjórnar þar sem sveitarstjóri leggur til ráðningu húsvarðar í 30% starfshlutfall frá 1.10.- 01.05.2023 og sveitarstjórn samþykkir að auglýsa 30- 50% starfshlutfall án þess að rökstuðningur fylgi af hverju það eigi að auka við starfshlutfallið um 20%.

Eftir að auglýsing um starfið var sett í loftið lýsti sveitarstjóri sig vanhæfan með tölvupósti vegna vensla og fól samstafsfélögum sínum að annast ráðninguna. Í fylgigögnum fundarins þann 04.10.2022 er það svo sveitarstjóri sem tilkynnir sveitarstjórn með tölvupósti ráðningu þess aðila sem myndaði vanhæfið og um leið er nefnd möguleg hækkun starfshlutfalls um áramótin næstu. Ekki er að finna bókun sveitarstjórnar um ráðninguna aðra en frá sveitarstjóra sem áður hafði lýst sig vanhæfan vegna vensla. Enn og aftur án rökstuðnings og í ósamræmi við upplýsingar sem sveitarstjóri hafði sjálfur lagt til, fyrir utan að þess konar ákvörðun ætti ekki að vera í höndum sveitarstjóra þar sem um tengdan aðila er að ræða.

Í ljósi þess aðhalds sem talað er um að þurfi að sýna í rekstri sveitarfélagsins er ofangreind aðgerð óskiljanleg og því óskum við eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Er búið að meta starfsmannapörf við húsvörslu félagsheimilanna? Ef svo er, hver er áætluð starfsmannapörf og á hvaða gögnum er það byggt? Ef ekki, af hverju er ráðist í breytingar áður en upplýsingarnar liggja fyrir þ.e. frá því að gera samning við verktaka yfir í ákveðið starfshlutfall.
2. Hvaða forsendur liggja fyrir mögulegri aukningu við starfshlutfall húsvarðar í Félagslund og sérstaklega upp í 50% frá áramótum 2023?
3. Hefði ekki verið eðlilegra að sveitarstjórn hefði fjallað um og bókað tilkynningu um ráðningu en að tilkynningin komi fram í tölvupósti sveitarstjóra sem er vanhæfur vegna vensla og þar að auki tilkynni um mögulega hækkun á starfshlutfalli? Tekið skal fram að sveitarstjóri boðaði bókun sveitarstjórnar í tölvupósti sínum sem svo ekkert bólaði á í fundargerð.

Virðingarfyllst

Jónína Ósk Ingólfssdóttir og Ólafur Árni Másson
Brandshúsum 3